

93. Þingflokksfundur, 18. febrúar 2015 kl. 14.00.

Fundinn sitja: Jón Þór, Helgi Hrafn, Birgitta, Alla, Halldóra og Svavar.
Berglind Rósa ritar fundargerð.

1. Fundargerð frá 16. febrúar

Samþykkt.

2. Dagskráin í dag

Jón Þór fer í óundirbúinn fyrirspurnartíma og sérstaka umræðu auk þess sem hann mælir fyrir 396. máli um upplýsinga- og sannleiksskyldu ráðherra (rangar upplýsingar veittar á Alþingi).

3. Staða þingmála á 144. þingi

Jafnt aðgengi að internetinu bíður nefndarálits í umhverfisnefnd. Helgi beitir sér fyrir gerð nefndarálits.

OPCAT bíður gestafundar í utanríkismálanefnd. Málið fer líklega á dagskrá í næstu viku. Frumvarp um afnám refsinga við guðlasti í umsagnarferli í allsherjarnefnd.

4. Uppflettingar í LÖKE (BJ)

Rætt síðar.

5. Víglundarmálið (JÞÓ)

Rætt síðar.

6. Vefmál Alþingis

Jón Þór átti fund með upplýsingaþjónustunni vegna opnun nýrrar vefsíðu Alþingis. Jón hefur kallað eftir að þingskapanefnd fundi og ætlar Birgitta að bera upp málið þar.

Fundi slitið kl. 14.50